

# Vestfjarðastofa

Ársreikningur 2018

Vestfjarðastofa  
Árnagötu 2-4  
400 Ísafirði

kt. 580518-1170

# Vestfjarðastofa

## Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda.....	2-3
Skýrsla stjórnar.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-8
Skýringar.....	9-12

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Vestfjarðastofu

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vestfjarðastofu fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vestfjarðastofu á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Vestfjarðastofu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagða.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 9. maí 2019

## **Endurskoðun Vestfjarða ehf.**

Guðmundur E. Kjartansson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Vestfjarðastofa sjálfseignastofnun (ses) er stofnuð á grunni skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Áður höfðu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarfulltrúi Vestfjarða sameinast skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stofnfundur Vestfjarðastofu var þann 1. desember 2017 og tók Vestfjarðastofa yfir starfsemi og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júlí 2018.

Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðapróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Eiginlegur rekstur Vestfjarðastofu hófst formlega þann 1. júlí 2018. Frá stofnfundi og fram til þess dags voru einingarnar Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag enn í rekstri en undir merkjum Vestfjarðastofu.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Vestfjarðastofu í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2018.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 108,9 milljónum á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 2 milljónir kr. á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 53,2 milljónum í árslok og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 4,7 milljónum kr.

Stofnfé Vestfjarðastofu ses. er 2,7 milljónir og skiptist á 27 aðila sem hver um sig lagði fram 100 þús. kr. stofnframlag. Ekki hefur orðið breyting á aðilum frá stofnun.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyrast stofnendum hennar.

Stjórn Vestfjarðastofu ses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 með undirritun sinni og leggur til við aðalfund að hann verði samþykktur.

Vestfjörðum, 9. maí 2019

Hafdís Gunnarsdóttir, formaður

Ingibjörg Benediktsdóttir

Iða Marsibil Jónsdóttir

Kristján Jón Guðmundsson

Sigurður Hreinsson

Víkingur Gunnarsson

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Kristján Jóakimsson

Ágústa Ýr Sveinsdóttir

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2018

---

		<b>2018</b>
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlög og styrkir .....		106.100.551
Aðrar tekjur .....		<u>2.826.264</u>
		<u>108.926.815</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	4	64.043.820
Annar skrifstofukostnaður .....		19.480.071
Kostnaður vegna sérverkefna .....		<u>23.350.019</u>
		<u>106.873.910</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld)		2.052.905
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....	5	<u>(35.618)</u>
<b>Rekstrarafkoma .....</b>		<u><u>2.017.287</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

---

Skýr. 31.12.2018

## Veltufjármunir

### Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir .....	2	26.992.534
Aðrar skammtímakröfur .....		<u>1.085.185</u>
		<u>28.077.719</u>

### Handbært fé

Bankareikningar .....		<u>25.141.877</u>
		25.141.877

<b>Veltufjármunir</b>		<u>53.219.596</u>
-----------------------	--	-------------------

<b>Eignir</b>		<u><u>53.219.596</u></u>
---------------	--	--------------------------

# 31. desember 2018

## Eigið fé og skuldir

Skýr. 31.12.2018

### Eigið fé:

Stofnfé .....	2.700.000
Rekstrarafkoma .....	2.017.287
<b>Eigið fé</b> 3	<u>4.717.287</u>

### Skuldir:

Viðskiptaskuldir .....	4.900.000
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	14.515.552
Ógreiddar ýmsar skammtímaskuldir .....	3.514.224
Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur .....	<u>25.572.533</u>
<b>Skuldir</b>	<u>48.502.309</u>

**Skuldir og eigið fé** 53.219.596



# Sjóðsstreymi árið 2018

---

	<b>Skýr.</b>	<b>2018</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarafkoma ársins .....		2.017.287
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>2.017.287</u>
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</b>		
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) .....		(28.077.719)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....		48.502.309
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>22.441.877</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Stofnfé .....		2.700.000
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<u>2.700.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b> .....		25.141.877
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<u>0</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<u>25.141.877</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

## Skammtímakröfur

2. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

## Eigið fé

3. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Stofnfé.....	2.700.000		2.700.000
Rekstrarafkoma.....		2.017.287	2.017.287
	<u>2.700.000</u>	<u>2.017.287</u>	<u>4.717.287</u>

## Önnur mál

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018
Laun .....	51.500.061
Launatengd gjöld, lögbundin og sammingsbundin.....	12.666.526
Áunnið orlof, breyting.....	(336.291)
Annar starfmannakostnaður.....	213.524
	<u>64.043.820</u>
Meðalfjöldi starfa .....	8,0

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2018
Vaxtatekjur .....	8.055
	<u>8.055</u>
Vaxtagjöld .....	(43.673)
	<u>(43.673)</u>
Fjármunatekjur og gjöld samtals	<u>(35.618)</u>

# Sundurliðanir

2018

## Almenningssamgöngur

Styrkur vegna almenningssamgangna .....	700.000
Tekjur samtals .....	700.000
Laun og launatengd gjöld .....	513.933
Annar skrifstofukostnaður .....	91.150
Gjöld samtals .....	<b>605.083</b>
Rekstrarniðurstaða .....	94.917

## Atvinnuþróun

Framlag FV. v.Sóknaráætlun .....	1.616.571
Framlag FV v. rekstur skrifstofu-Sveitarfél. ....	3.276.000
Framlag FV v. Byggðaáætlunar .....	15.000.000
Framlag FV v.framlags Byggðast. til atv.þróunar .....	20.988.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs .....	(15.421.596)
Tekjur samtals .....	25.458.975
Laun og launatengd gjöld .....	12.283.562
Aðkeyptir verktakar .....	2.266.041
Annar skrifstofukostnaður .....	10.222.078
Gjöld samtals .....	24.771.681
Rekstrarniðurstaða .....	687.294

## Byggðaðróun

Framlag FV. v. rekstur skrifstofu .....	<b>1.000.000</b>
Framlag FV. v. sóknaráætlun .....	<b>11.100.000</b>
Framlag FV. V. brothættar byggðir .....	<b>10.825.000</b>
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs .....	(5.825.937)
Tekjur samtals .....	17.099.063
Laun og launatengd gjöld .....	9.616.272
Aðkeyptir verktakar .....	2.018.014
Geiddir styrkir .....	7.000.000
Annar skrifstofukostnaður .....	451.681
Gjöld samtals .....	19.085.967
Rekstrarniðurstaða .....	(1.986.904)

## Markaðsstofa

Framl.FV v. Sóknaráætlun .....	2.900.000
Framl.FV v. rekstur skrifstofu-Sveitarf. ....	3.400.000
Framl.FV v. Ferðamálastofa .....	8.200.000
Framl.FV v. Ferðamálastofa .....	10.375.000
Aðrar tekjur .....	83.330
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári .....	(1.875.000)
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>23.083.330</b>
Laun og launatengd gjöld .....	8.009.481
Aðkeyptir verktakar .....	1.972.985
Laun og launt. gj. og skrifstofukostn. færður á milli deilda .....	8.115.005
Annar skrifstofukostnaður .....	3.213.698
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>21.311.169</b>
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>1.772.161</b>

## Menningarmál

FV-VFS v. rekstur skrifstofu-Sveitarfél .....	4.950.000
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>4.950.000</b>
Laun og launatengd gjöld .....	3.108.709
Annar skrifstofukostnaður .....	331.407
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>3.440.116</b>
Vaxtatekjur .....	0
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>1.509.884</b>

## Sóknaráætlun

Framlag FV v/Sóknaráætlunar .....	<b>9.275.000</b>
Framlag til Sóknaráætlunar .....	<b>4.000.000</b>
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs. ....	<b>(2.450.000)</b>
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>10.825.000</b>
Laun og launatengd gjöld .....	5.829.443
Greiddir styrkir .....	6.500.000
Annar skrifstofukostnaður .....	718.155
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>13.047.598</b>
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>(2.222.598)</b>

## Rekstur og hagsmunagæsla

Framlag til reksturs frá FV -Jöfnsj. ....	16.318.178
Framlag FV v. rekstur skrifstofu sveitarf. ....	5.100.000
Framlag FV v þróun sóknaráætlunar - Jöfn ....	2.649.335
Endurgr. útl. kostnaður .....	442.934
Aðrar tekjur, bókari .....	2.300.000
Tekjur samtals .....	<u>26.810.447</u>
Laun og launatengd gjöld .....	15.612.501
Aðkeyptir verktakar .....	1.761.029
Annar skrifstofukostnaður .....	7.238.766
	<u>24.612.296</u>
Afskriftir .....	
Vaxtatekjur/gjöld .....	<u>35.618</u>
	35.618
Rekstrarniðurstaða .....	<u>2.162.533</u>